

Auglýsing**14**

26. jan.

um

kosning alþingismanns fyrir Akureyri.

Með því að þingmaður fyrir Akureyrarkaupstað, fyrverandi amtmaður Páll Briem, er látinn, er hjermeð samkvæmt 54. gr. laga nr. 18 frá 3. október 1903, um kosningu til alþingis, fyrirskipað, að kosning skuli fram fara 15. maí næstkomandi á þingmanni í stað hins látna þingmanns, fyrir þann þingmennskutíma, er hann átti eptir.

Þetta er hjermeð birt öllum hlutaðeigendum, og er jafnframt lagt fyrir hlutaðeigandi yfirkjörstjórn að undirbúa kosningu þessa og sjá um að hún fari fram samkvæmt fyrirráðum kosningarlaganna.

Í stjórnarráði Íslands 26. janúar 1905.

H. Hafstein.

*Jón Magnússon.***Auglýsing****15**

18. febr.

um

að auglýsingar stjórnarráðsins frá 9. og 11. júní 1904 um sóttkvíun Norðurlisafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstaðar skuli úr gildi felldar.

Frá 21. marz 1905 skulu úr gildi fallnar auglýsingar stjórnarráðsins 9. og 11. júní f. á., um sóttkvíun Norðurlisafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstaðar vegna mislinga.

Þetta kunngjörir til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands 18. febrúar 1905.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.